



Formannfundur LH  
18. nóvember 2023 kl. 9.00  
Laugardalshöll

Formaður býður fólk velkomið á fundinn og tilnefndi fundarstjóra Marteín Magnússon og fundarritara Berglind Karlsdóttur.

1. Skýrsla stjórnar – Guðni Halldórsson, formaður

[www.lhhestar.is/static/files/Formannfundir/formf2023/skyrsla-stjornar-2023-3.pdf](http://www.lhhestar.is/static/files/Formannfundir/formf2023/skyrsla-stjornar-2023-3.pdf)

Formaður fór yfir skýrslu stjórnar Stjórn LH þakkar ánægulegt samstarf og horfir björtum augum til framtíðar.

2. Ársreikningur 2022 og 9 mánaða uppgjör 2023 – Ólafur Gunnarsson gjaldkeri LH

Ólafur Gunnarsson fór yfir ársreikning 2022 og 9 mánaða árshlutauppgjör 2023. Reikningar voru aðeins til kynningar en verða lagðir fyrir Landsþing 2024 til samþykktar.

3. Endurskoðuð rekstraráætlun 2024 og 2025 – Ólafur Gunnarsson gjaldkeri LH

Ólafur Gunnarsson kynnti uppfærða fjárhagsáætlun 2024 og 2025.

*Umræður undir dagskrárliðnum skýrsla stjórnar og reikningar LH:*

*Hjörtur Bergstað* formaður Hestamannafélagsins Fáks kvað sér hljóðs.

Þakkar landsliðinu og þeim sem stóðu að því fyrir frábært starf. Í gær fóru 20 krakkar á Hóla. Svona árangur kemur ekki af sjálfu sér. 1990 voru krakkarnir okkar langt á eftir öðrum þjóðum, það hefur snúist við. Við erum fyrirmynd í þessu.

Landsliðið var kynnt á stærsta viðburði æskunnar, á meðan Íslandsmót barna stóð yfir og fannst það óheppilegt, vill fá skýringar á því.

Finnst vel að agamálum staðið.

HOI: hef alla tíð verið ósáttur við að LH sé að styrkja þetta. Þetta styður útflutning. Við erum félagasamtök. Eigum ekki að eyða peningunum okkar í þetta þó okkar félagsmenn standi í útflutningi. 2022 væri í plús en ekki 3 milj mínus ef það væri ekki.

*Sverrir Einarsson* formaður Hestamannafélagsins Spretts kvað sér hljóðs.

Vil ítreka það sem Hjörtur sagði, bestu þakkir til þeirra sem sinna þessu. LH að færast nær öðrum íþróttagreinum. Mótahald að færast í eðlilegan farveg, kominn starfsmaður sem sér um það. Landsliðin alveg frábær.

Agavandamál. Af hverju getum við hestamenn ekki farið eftir agareglum, LH á að standa fast á því. Finnst þeir hafa staðið vel í lappirnar, skýrar línur. Finnst bjart framundan.

*Kristinn Skúlason* formaður landsliðsnefndar kvað sér hljóðs



Erfitt að safna peningum og fjármagna starfið okkar. Við tilkynntum landsliðið í Öskju, til að tengja styrktaraðila við landsliðin okkar. Væri gaman að gera þetta þar sem okkar félög eru og okkar félagar. Eigum að taka alla krakkana í afreksstarfinu og hampa þeim. Gerum ekkert án styrktaraðila og þeir hafa sýnar kröfur.

Atli Már formaður Hestamannafélagsins Sörla kvað sér hljóðs.

Frábært landslið og frábær árangur. Frábær augnablik sem við upplifðum þarna úti.

Eitt atriði í skýrslu stjórnar: nýliðunin og stóru störfín sem eru enn óunnin. Starfið með nefndinni og ráðherra, hvernig ætlum við að auðvelda börnum að stunda hestamennsku.

Þurfum að byrja á grunninum og búa til massann uppi. Áherslan er alltaf á keppnismálin. 12% fá allan tímann. Stóra áherslan, þurfum að fá kerfið til innleiða það að fá unga fólk í hestamenskuna. Þetta er fjölskylduþrótt fyrst og fremst, íþrótt fyrir almenning.

#### 4. Yfirferð þingskjala frá landsþingi 2022 – Hákon Hákonarson, ritari LH

##### Þingskjal 24

um breytingar á reglum um dómara í gæðingakeppni var vísað til stjórnar. Breytingin felst í því að dóm-  
arar í gæðingakeppni skuli vera 3 eða 5.

*Vísað til keppnisnefndar til umfjöllunar, sem mun skila álitum fyrir Landsþing 2024.*

##### Þingskjal 37

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að  
fela LH að taka árlega saman tölulegar upplýsingar sem nýtist aðildarfélögum og samtökunum sjálfum  
við greiningu á árlegri starfssemi hestamannafélaga.

*Vísað til tölvunefndar til umfjöllunar.*

##### Þingskjal 50

Reglugerð um Íslandsmót í gæðingakeppni var vísað til stjórnar.

*Vísað til keppnisnefndar til umfjöllunar, sem mun skila álitum fyrir Landsþing 2024.*

##### Þingskjal 52

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að  
stjórn LH efni til opinna samkeppni um nafn á nýja keppnisgrein í regluverki LH á þskj. 42.

*Efnt var til nafnasamkeppni og nafnið „gæðingalist“ varð fyrir valinu.*

##### Þingskjal 53

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Reykjavík 4. og 5. nóvember 2022 samþykkir  
og beinir því til stjórnar LH að gera gangskör í því að kynna Sambandi íslenskra sveitarfélag og sveitar-  
stjórnnum um land allt leiðbeiningarit LH og Vegagerðarinnar um reiðstíga „Reiðstígar gerð og uppbygg-  
ing“.

*Var vísað til reiðveganefndar og er í vinnslu hjá nefndinni*

##### Þingskjal 54

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Reykjavík 4. og 5. nóvember 2022 hvetur  
stjórn LH að beita sér af mætti til að reiðvegafé af framlagi hins opinbera skerðist ekki frá því sem verið  
hefur árin 2021 og 2022 og verði heldur við það aukið frá því sem verið hefur sl. tvö ár.



*Starfshópur á vegum ráðuneytist skilaði skýrslu til innviðaráðherra með greiningu á þörf fyrir reiðvegafé á næstu árum.*

Þingskjal 55

a. Ferða- og samgöngunefnd leggur til að veitt verði árlega verðlaun til þess sveitafélags sem skarað hefur fram úr varðandi viðhald- og uppbyggingu reiðstíga. Reiðveganefndir hestamannafélaga senda LH tillögu að tilnefningu ásamt rökfærslu sem styður valið. Hugmynd að verðlaunum; „Gyllta hóffjöðrin“.

*Stjórn samþykkti að óska eftir tillögum frá reiðveganefndum félaganna – er í vinnslu*

Þingskjal 55

b. LH sækir um að halda erindi á haustþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga til að kynna áherslur hestamanna í reiðvegamállum og minna á að reiðleiðir séu hluti af áætlanagerð sveitafélaga.

*Formanni LH falið að sækjast eftir að halda erindi á þinginu 2024*

Þingskjal 55

c. Brýnt mál er verja þjóðleiðir/reiðleiðir um land allt, sem margar eru að tynast eða lokast af. Sem dæmi eru margar skógræktaráætlanir þar sem þessar leiðir liggja og þyrfti að gera ráð fyrir þeim í skipulagi. Við teljum að það þurfi að vekja athygli sveitarfélaga á að þarna eru menningaminjar sem eru að tynast og í þeim liggja líka mikil tækifæri fyrir ferðaþjónustu af ýmsum toga, ekki síst hestatengdrar. Sem dæmi má nefna er Skaftárhreppur að innleiða „horfnar“ þjóðleiðir inn í sitt Aðalskipulag, sem göngu- og reiðleiðir.

*Formanni falið að koma inn á þessi mál í erindi sínu á haustþinginu*

5. Öryggismál – Þórhildur Katrín Stefánsdóttir formaður öryggisnefndar

Þórhildur Katrín formaður öryggisnefndar kynnti nýtt myndband sem nefndin hefur látið gera um öryggi reiðtygja.

6. Æskulýðsbíkar LH hlaut Hestamannafélagið Jökull.

7. Gullmerki LH

Helgu B. Helgadóttur og Magnúsi Benediktssyni voru veitt gullmerki LH.

Hlé

13. Umræðuhópar

Fundinum var skipt upp í þrjá umræðuhópa; í umræðuhóp um mótamál, í umræðuhóp um styrki sem standa hestamannafélögum til boða og keppnisleyfi og í umræðuhóp um félagshesthús og útbreiðslu og kynningu.

11. Samantekt úr vinnuhópum

- a. Sveinn Heiðar greindi frá umræðum útbreiðsluhóps. Útbreiðslunefnd tók saman upplýsingar um hvaða styrkir standa til boða hverju hestamannafélagi fyrir sig. Allir formenn hestamannafélaga fengu sendar upplýsingar um mögulega styrki í þeirra héraði, hver umsóknarfresturinn er og hvað þurfi að hafa í huga þegar sótt er um styrki. Þetta er gott verkfæri fyrir félögin til að nýta fyrir einstök verkefni og framkvæmdir.



Í umræðuhópi um útbreiðslu var fjallað um vinnu nefndarinnar síðasta árið auk þess sem hugað var að frekari verkefnum til útbreiðslu og nýliðunar. Ýmsar hugmyndir komu fram sem geta ýtt undir fjölbreytileika og útbreiðslu hestaíprótta t.d. Trek, Víðavangskeppnir, Þolreiðar, Smali, Hestafimleikar, Sirkusnámskeið, Fimikeppnir, Hindrunarstökk ofl. Þá var einnig rætt um að endurvekja veðkappreiðar eins og þekktust hér á árum áður.

Í samtali hópsins kom það fram að það sem stendur hvað oftast í vegi fyrir nýliðun er aðgangur að hesthúsum fyrir æskuna. Félagshesthúsin hafa komið þar sterkt inn og ljóst er að margar góðar útfærslur eru til á þeirri framkvæmd.

Þá hafa opnir dagar í hesthúsum og sýningar í reiðhöllum undanfarið notið mikilla vinsælda og er ákaflega sniðugt verkfæri til að auka sýnileika hestamenskunnar.

- b. Ólafur Gunnarsson greindi frá umræðum í fjáröflunarhópi. Í umræðuhópi um fjáröflun var fjallað um keppnisleyfi sem eru við lýði í flestum öðrum FEIF-löndum og velt upp hugmyndum hvort ætti að taka upp innan LH þar sem langmestur tími stjórnar, nefnda og starfsmanna fara í að fjalla um og þjónusta mótahaldið. Um 12% félagsmanna innan LH taka þátt í keppni en allir félagsmenn fjármagna mótahaldið jafnt.

Einnig var rætt um styrki sem standa hestamannafélögum til boða eins og öðrum íþróttafélögum.

- c. Í umræðuhópi um mótamál þar sem voru þrjú meginmál til umræðu; Landsmót, Íslandsmót og mótaraðir.

Hópnum var skipt í fjóra umræðuhópa þar sem mörg stór málefni um mótahaldið voru reifuð. Guðni Halldórsson formaður LH og Hinrik Þór Sigurðsson sviðstjóri mótamála hjá sambandinu leiddu umræðurnar með því að bera fram spurningar úr hverjum flokki um sig og hóparnir ræddu hvert málefni ítarlega og hópstjórar hvers hóps komu svo upp og gerðu grein fyrir helstu punktum frá hverjum hóp um sig.

Umræðurnar voru mjög líflegar og magir snertifletir ræddir á hinum ýmsu málum og ljóst að það er heilmikið að vinna úr í framhaldinu.

Fyrsti hluti umræðnanna snérist um málefni Landsmóts og Íslandsmótanna.

Umræðuefnin voru eftirfarandi:

- Val hrossa inn á LM/fjöldi keppenda
  - Mjög skýr vilji fundarins um að fyrirkomulag á fjölda keppenda á LM og það fyrirkomulag sem nú er við lýði sé býsna gott.
- Kynbótasýningar á Landsmóti
  - Kynbótasýningar á LM eru á höndum RML og Deildar hrossabænda. Ýmsir góðir punktar komu fram um kynbótasýningar á LM, allt frá óbreyttu fyrirkomulagi að því að hafa einungis yfirlitssýningar eða jafnvel landssýningu hæst dæmdu hrossanna. Einn punktur sem kom fram úr nokkrum hópum var um það hvort rétt væri að sleppa því að sýna 4 vetra hross á LM.
- Keppnisleyfi (aukaspurning sem um efni sem rætt var í gjaldkerahópnum)
  - Umræða um keppnisleyfin var góð og uppbyggileg.
- Fyrirkomulag gæðingakeppni á LM



- Rætt var hvort núverandi fyrirkomulag með sérstakri forkeppni, milliriðli, B-úrslit, A-úrslit henti best og útfrá sjónarmiðum hestavelferðar, álags og fleira. Hestur sem sigrar B-úrslit í gæðingakeppni kemur fjórum sinnum fram í keppninni á örfáum dögum.
- Fleiri greinar á LM?
  - A-flokkur ungmenna er grein sem nýtur vaxandi fylgis og umræða í þá áttina hvort hann ætti ma. að vera með á Landsmóti
- Hvernig björgum við lífi Íslandsmóts?
  - Íslandsmót hefur átt undir högg að sækja hvað aðsókn varðar, sérstaklega á LM árum. Nokkrar hugmyndir voru reifaðar ss. Halda mótið síðsumars, halda Íslandsmót á Landsmóti eða jafnvel setja það í mótaröð sem samanlagðan árangur nokkurra heimsbikarmóta (WR).

Seinni hlutinn var umræða um innanhúsmótin og það stóra keppnistímabil sem fram fer innanhúss yfir vetrarmánuðina.

Umræðuefnin voru eftirfarandi:

- Á að vinna að því að gera innanhússtímabilið að löglegum mótum?
  - Þessi punktur snýst um það hvort gera eigi innanhússmótin lögleg að því leyti að þau fari að telja inn á stöðulista, gildi til verðlauna fyrir knapa ársins og þá í framhaldinu íþróttamanns ársins í stað þess að standa utan regluverksins að stórum hluta líkt og nú er.
- Eiga félögin að koma að mótahaldi deildanna og keppt yrði meira á félagsgrundvelli í innanhússdeildum?
  - Forsenda þess að hægt verði að krýna td. Íslandsmeistara innanhúss sbr. Líkt og gert er í frjálsum íþróttum er að keppt sé á vegum íþróttafélaganna, hestamannafélaganna.
  - Það er einnig ljóst að gríðarlegir fjármunir eru í umferð kringum deildirnar sem hestamannafélögin standa utanvið nema í einhverjum tilvikum í formi leigutekna á reiðhöllum yfir mótin. Mikil samkeppni er um styrki frá atvinnulífinu í íþróttahreyfingunni allri og erfitt fyrir félögin að keppa um styrki.
- Aga og ágreiningsmál innanhússmótanna
  - Á meðan deildirnar eru utanvið regluverk Landssambandsins er ekki hægt að leita til úrskurðar og aganefndar LH eða dómstóla ÍSÍ með ágreiningsmál sem upp kunna að koma.
- Fyrirkomulag deilda
  - Hvernig myndu félögin sjá fyrir sér deildir þar sem keppt er á vegum hestamannafélaganna í landinu?

## 14. Önnur mál

*Dagbjört Hulda, formaður æskulýðsnefndar* spyr hvort áhugi sé á að Æskulýðsnefnd standi fyrir skyndihjálparnámskeiðum og að félögum væri gefinn kostur á að senda fulltrúa á námskeiðið verndari barna. Það hljót góðar undirtektir.

*Sverrir Einarsson:* Vill bæta við umræðuna um innanhússmót. Sprettur stofnaði áhugamannadeildina. Sú deild orðið til þess að hestasala, þjálfun og sala á fatnaði hefur aukist. Hefur gengið vel að fá styrktaraðila inn. Hvernig mun það gerast ef félögin taka innanhússmótin yfir? Af hverju ekki keppa líka undir merkjum félaga utanhúss? Íslandsmótin eru á hrakhólum, enginn vill halda þau.



---

*Hjörtur Bergstað*: Ítrekar umsókn Fáks um að halda Íslandsmót á Landsmóti. Landsmót framundan á næsta ári, forsöluverð er til 16. Júní.

Guðni Halldórsson, formaður LH þakkar fyrir góðan fund, málefnalegan og skilvirkan og slítur fundi kl. 15.00.